



110. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í Stofu íslenskra fræða mánudaginn 5. desember kl. 13:00

Fundinn sátu:

Fulltrúar í skólanefnd: Sigrún Jónsdóttir, formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Elías Bergmann Jóhannsson, Daði Geir Samúelsson (varamaður Ingerar), Bjarney Vignisdóttir (varamaður Eydísar).

Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Ingunn Lilja Arnórsdóttir (fulltrúi nemenda), Elva Rún Pétursdóttir (fulltrúi kennara), Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð. Eypór Sigurðsson (fulltrúi foreldra) er á Teams.

Boðuð forföll: Inger Erla Thomsen og Eydís Indriðadóttir

Gestir: Bára Magnúsdóttir (gjaldkeri MML) og Freyja Rós Haraldsdóttir (gæðastjóri og formaður sjálfsmatsnefndar ML).

Dagskrá:

1. Ársreikningur Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni 2024-2025
2. Innra mat Menntaskólans að Laugarvatni
3. Fundur ráðherra í ML

Formaður setur fundinn.

1. Ársreikningur Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni 2024-2025

Bára Magnúsdóttir fer yfir ársreikning MML. Taprekstur þetta árið.

Tillaga að hækkun gjalda fyrir næstu önn. 5% hækkun var samþykkt. Tekur gildi 1. janúar 2026.

Hækkunin verði kynnt með vísan til verðlagshækkana og að aðhalds verði áfram gætt í rekstri.

Fyrir næsta skólaár verður farið vel yfir áætlanir og gjaldskrár svo að ekki verði þörf á hækkunum á miðju skólaári.

Fleiri dagar eru í vorönn, 77 dagar en haustönn eru 72 dagar og því kostnaður nemenda hærri á vorönn.

Í ljósi fjárhagsstöðu samþykkir skólanefnd að veita MML yfirdráttarheimild upp á þrjár milljónir króna. Bára yfirgefur fundinn.

2. Innra mat Menntaskólans að Laugarvatni



Freyja Rós fer yfir sjálfsmatsskýrslu 2024-2025. Skýrslan er inn á heimasíðu skólans. Kynnir skólaskýrslu ML 2024. Sigrún þakkar Freyju fyrir góða yfirferð, vel unna og gagnlega skýrslu.

3. Fundur ráðherra í ML

Jóna Katrín og Elías fara yfir fund ráðherra í ML með starfsfólki og nemendum Mennta- og barnamálaráðherra, Guðmundur Ingi Kristinsson kom 12. nóvember sl. ásamt starfsfólki úr ráðuneytinu í ML og fór yfir mögulegar breytingar í framhaldsskólakerfinu. Inger Erla og Elías skólanefndarfulltrúar sátu einnig fundinn. Áfram verður fylgst vel með framvindu þessarar umræðu.

Fundargerð verður send til rafrænnar undirritunar

Fundi slitið kl. 14:56

Fundargerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir